



## **SAMNINGUR**

### **um land undir frístundabyggð**

#### **1. gr.**

##### **Aðilar að samningi**

Sveitarfélagið Vesturbyggð, kt. 510694-2369, Aðalstræti 75, 450 Patreksfjörður og Strýtuholt ehf., kt. 591020-1370, Kristnibraut 69, 113 Reykjavík, gera með sér svohljóðandi samning um 13 ha frístundabyggð við Tagl úr landi Vesturbyggðar.

#### **2. gr.**

##### **Frístundabyggð við Tagl**

Samningur þessi tekur til 13 ha frístundabyggðar við Tagl í Bíldudal úr landi Vesturbyggðar, sbr. meðfylgjandi deiliskipulag um byggðina sem samþykkt var í bæjarstjórn Vesturbyggðar 29. júní 2011, með síðari breytingum. Um er að ræða 12 lóðir undir frístundahús.

#### **3. gr.**

##### **Skyldur félagsins**

Á landinu sem afhent er í núverandi ástandi, án nokkurra mannvirkja mun félagið reisa frístundahús til endursölu og sjá um allar framkvæmdir á landinu á sinn kostnað, þ.m.t. efnis- og tækjakostnað. Helstu verkþættir eru:

1. Lagning vegar með bundnu slitlagi skv. deiliskipulagi, tenging við þjóðveg 63.
2. Þurrkun frístundabyggðar.
3. Girða frístundabyggð af með fjárheldri girðingu.
4. Lagning neysluvatns.
5. Lagning skólplagna og niðursetning rotþróa og tilheyrandi situlögnum.
6. Tryggja að lóðamörk séu skýr með gróðri.
7. Geri samning við Terra umhverfisþjónustu eða annan sambærilegan aðila um förgun á sorpi sem fellur til vegna framkvæmdanna.
8. Annað sem nauðsynlegt er svo frístundabyggðin og einstakar lóðir teljist fullbúnar.

#### **4. gr.**

##### **Skyldur sveitarfélagsins**

1. Merkir útramma frístundabyggðar og miðlínu vegar í samræmi við deiliskipulag.
2. Annast útgáfu leyfa, svo sem framkvæmdaleyfa fyrir veglagningu og þurrkun frístundabyggðar.

JHV.  
VG  
BB



## 5. gr.

### Skilyrði á framkvæmdatíma

Samningsaðilar eru sammála um að á meðan framkvæmdum stendur muni félagið bera ábyrgð á viðhaldi vega innan frístundabyggðar.

Allar framkvæmdir félagsins innan frístundabyggðar skulu unnar eftir gildandi lögum, reglugerðum og stöðlum sveitarfélagsins og undir eftirliti Vesturbyggðar.

Takist félaginu ekki að markaðssetja frístundabyggðina þannig að framkvæmdir hefjist í síðasta lagi 1. október 2023, ber félaginu að skila svæðinu í viðundandi ástandi til Vesturbyggðar. Vesturbyggð ber engan kostnað af þeim framkvæmdum sem þá hafa verið unnar og eru þær að fullu á ábyrgð félagsins.

## 6. gr.

### Gjaldtaka sveitarfélags

Vesturbyggð leggur ekki gatnagerðagjöld á þau hús sem verða byggð á þeim lóðum sem samningur þessi fjallar um, þar sem félagið sér um allar framkvæmdir og kostar þær að fullu, þ.m.t. lagning göngustíga innan frístundabyggðar skv. deiliskipulagi.

Vesturbyggð innheimtir gjöld fyrir hvert útgefið byggingaleyfi í samræmi við gjaldskrá Vesturbyggðar hverju sinni.

Frá útgáfu byggingaleyfis í að hámarki 3 ár eru ekki innheimt fasteignagjöld né lóðaleiga af viðkomandi frístundahúsi.

Vesturbyggð innheimtir ekki efnistökgjald úr námu sveitarfélagsins í svokölluðu Tagli til að undirbúa lóðir innan frístundabyggðar. Félagið skal skila til sveitarfélagsins yfirliti yfir það magn sem tekið er til framkvæmdanna.

## 7. gr.

### Ábyrgð samningsaðila

Vesturbyggð ber enga ábyrgð á undirbúningsframkvæmdum gagnvart væntanlegum kaupendum frístundahúsa.

Vesturbyggð ber enga ábyrgð á markaðssetningu frístundabyggðarinnar né kostnað og er markaðssetningin alfarið á ábyrgð félagsins.



## 8. gr.

### Fristundabyggðin telst fullklárað

Þegar framkvæmdum er lokið skal fara fram úttekt á svæðinu og skal vera skriflega staðfest af samningsaðilum að svæðið teljist fullklárað.

Svæðið telst fullklárað ef framkvæmdum á því er að öllu leyti lokið og hvorki eru hálfbyggð frístundahús eða jarðrask sem ekki hefur verið gegnið frá.

Verði ágreiningur um túlkun þessa ákvæðis skal leita sátta í samræmi við 10. gr.

## 9. gr.

### Framkvæmdatími

Verði framkvæmdum félagsins á svæðinu ekki lokið innan 10 ára frá undirritun samnings þessa getur Vesturbyggð leyst til sín þann hluta frístundabyggðar þar sem ekki hafa verið byggð hús, hvort sem lóðir hafa verið gerða byggingahæfar eða ekki. Vesturbyggð greiðir félaginu ekki fyrir útlagðan framkvæmdakostnað félagsins, verði lóðirnar leystar til sveitarfélagsins samkvæmt ákvæði þessu.

## 10. gr.

### Riftun, ágreiningur og fleira

Verði verulegar vanefndir skv. ákvæðum samnings þessa er unnt að kerfjast riftunar á samningnum. Tilkynning um riftun skal send viðkomandi samningsaðila með sannanlegum hætti.

Komi upp ágreiningsmál varðandi túlkun eða framkvæmd samningsins skulu samningsaðilar leita allra leiða til að ná sáttum þar um. Verði ekki leyst úr ágreiningi með sáttargjörð skal vísa málinu til Héraðsdóms Vestfjarða.

## 11. gr.

### Þinglýsing og lóðaleigusamningar

Samningi þessum skal þinglýst á allar lóðir frístundabyggðarinnar og skal félagið kynna væntanlegum eigendum frístundahúsa efni hans. Við útgáfu bygginaleyfis skal gerður lóðaleigusamningur um viðkomandi lóð þar sem frístundahús mun rísa. Um innheimtu lóðaleigu fer skv. 3. mgr. 6. gr.

JHV. BT  
VG  
BB



**Vesturbyggð**

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

**12. gr.**

**Gildistími og staðfesting**

Samningur þessi er tímabundinn og gildir frá undirritun til 1. september 2030.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Til staðfestu samningi þessum rita samningsaðilar nöfn sín hér undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Patreksfirði, 4. nóvember 2020

Reykjavík, 4. nóvember 2020

Fyrir hönd Vesturbyggðar:

Fyrir hönd Strýtuholts ehf.


  
Nafn


  
Nafn

Baldur Bergmann  
1805715079

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

  
130948.3679

  
Nafn

  
Kennitala

Nafn

Kennitala